

**FRÁSÖGN**

*af fundum framkvæmdastjórnar þingmannanefndar EFTA í Nýju Delí og Mumbai  
17.–21. apríl 2023.*

Markmið heimsóknar þingmannanefndar EFTA til Indlands var að eiga viðræður við þingmenn, ráðherra, stofnanir og hagsmunaaðila um fríverslunarmál og aukið efnahagslegt samstarf í ljósi yfirstandandi fríverslunarviðræðna milli EFTA-ríkjanna og Indlands. Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA áttu sæti í sendinefndinni Ingibjörg Isaksen og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir auk Gunnþóru Elínar Erlingsdóttur ritara.

Fríverslunarsamningum hefur fjölgað ört á undanförunum árum og hafa samtök ríkja og einstök lönd í auknum mæli beint sjónum sínum að gerð tvíhliða eða marghliða fríverslunarsamninga. EFTA hefur verið í fararbroddi á þessu sviði og eru gildir fríverslunarsamningar EFTA nú 30 talsins. Þingmannanefnd EFTA hefur stutt dyggilega við gerð fríverslunarsamninga samtakanna og hefur beitt sendinefndum og þingmannaheimsóknum til þess að kynna og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamninga við EFTA.

Fríverslunarviðræður EFTA við Indland hófust upphaflega árið 2008 en hlé var gert á þeim árið 2013. Viðræðurnar voru endurvaktar 2016 og hafa staðið yfir síðan með hléum. Viðskipti EFTA við Indland námu um 5,9 milljónum evra árið 2022. Þar af námu viðskipti Íslands og Indlands um 1,2 milljónum evra eða 17 milljörðum íslenskra króna. Fríverslunarviðræður eru nú í gangi á milli Indlands og ESB, Bretlands, Kanada og Ísrael. Þá gerði Indland nýlega fríverslunarsamning við Ástralíu og Sameinuðu arabísku furstadæmin (UAE). Indverjar standa að vissu leyti á tímamótum þar sem stjórnvöld hafa þurft að horfast í augu við nýjan veruleika í alþjóðastjórnsmálum og leitast markvisst við að lenda ekki í utanríkispólitískri einangrun vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Þannig má segja að stjórn málaástandið í heiminum hafi fært Indland nær Vesturlöndum. Því eru uppi góðar aðstæður til að nýta þennan meðbyr og auka samstarf milli Indlands og EFTA-ríkjanna.

Heimsókn þingmannanefndar EFTA til Indlands var sem fyrr segir liður í að auka skilning á og afla stuðnings við gerð fríverslunarsamnings ríkjanna. Í Delí átti sendinefndin fundi í indverska þinginu með Om Birla, forseta neðri deildar þingsins, auk funda með fulltrúum viðskiptanefndar og utanríkismálanefnd þingsins. Þá átti nefndin fund með Piyush Goyal, viðskipta- og iðnaðarráðherra Indlands, og Sanjay Varma, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins (Secretary West). Sendinefndin fundaði jafnframt í Delí og Mumbai með aðilum vinnumarkaðarins, hugveitum, alþjóðastofnunum, verkalýðsfélögum og sendiherrum EFTA-ríkjanna í landinu. Íslenska sendinefndin átti jafnframt fund með Gul Kripalani aðalkjörræðismanni Indlands í Mumbai.

Formaður þingmannanefndar EFTA hélt framsögu á öllum fundum þar sem áhersla var lögð á þann ávinning sem fríverslunarsamningur gæti skilað. Samskipti EFTA-ríkjanna og Indlands væru góð og fríverslunarsamningur myndi ekki aðeins stuðla að auknum viðskiptum heldur myndu samskipti ríkjanna um leið verða skýrari og formfastari.

Á fundunum gafst formönnum einstakra landsdeilda kostur á að taka upp tvíhliða áherslur. Ingibjörg Isaksen lagði áherslu á að Ísland liti svo á að fríverslunarsamningur milli ríkjanna fæli í sér gagnkvæman ávinning. Hún sagði Ísland og Indland deila sameiginlegum gildum, þ.m.t. virðingu fyrir lýðræði og mikilvægi þess að stuðla að sjálfbærri framtíð okkar allra. Ríkin tvö hefðu notið góðs af samvinnu milli landanna, m.a. á vettvangi Jarðhitaskóla og Sjávarútvegsskóla UNESCO (GRÓ). Þá væri starfandi sérstakur verkefnishópur (task force) sem hefði það hlutverk að fara yfir samstarfsmöguleika í nýtingu jarðvarma. Mikil tækifæri

væru fyrir hendi til að auka samstarf Íslands og Indlands í nýtingu endurnýjanlegrar orku. Sem dæmi nefndi Ingibjörg að áhugavert gæti verið að skoða hvort lausnir á borð við þær sem Carbfix og Carbon Recycling International hefðu fram að færa gætu nýst á Indlandi.

Viðmælendur sendinefndar EFTA á fundum á Indlandi voru jákvæðir gagnvart aukinni efnahagssamvinnu við EFTA. Indland væri að styrkja tengsl sín á alþjóðavettvangi og nú væru allar forsendur fyrir hendi til að klára fríverslunarviðræðurnar innan tveggja ára.